

Staða aðgerða í kjölfar snjóflóða á Flateyri

Aðgerð 1: Beinn kostnaður vegna flóðanna

Ísafjarðarbær, almannavarnanefnd og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra vinni að samantekt um þann kostnað sem fallið hefur til hjá bæjarfélaginu, rekstraraðilum, félagasamtökum og einstaklingum vegna björgunarstarfa, hreinsunarstarfa og annars beins kostnaðar sem tengist snjóflóðinu. Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ) vinni greinargerð um tryggingar og tjón. Framangreindum upplýsingum verði komið á framfæri við forsætisráðuneyti, sem taki afstöðu til málsins í samráði við önnur ráðuneyti með hliðsjón af fyrri fordæmum. Þar verði tekin afstaða til þess hver kostnaðarhlutdeild ríkisins verður.

- Ríkisstjórnin samþykkti í júlí 2020 að veita Ísafjarðarbæ og stofnunum fjárstyrk úr almennum varasjóði til að mæta óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum vegna brýnustu viðbragða og framkvæmda í kjölfar snjóflóðsins á Flateyri í samræmi við tillögur ráðuneytisstjórahóps. Samkvæmt upplýsingum um heildarkostnað Ísafjarðarbæjar nam hann alls 38.937.708 kr. Almennu hefur verið stuðst við reiknireglu undangengin ár þegar kemur að sveitarfélögum, að þau fái styrk sem nemur um 67% af þeim útgjöldum sem lögð eru til grundvallar. Verkefnisstjórn lagði til við ráðuneytisstjórahóp að Ísafjarðarbær yrði styrktur um 25 m.kr. og að stofnunum ríkisins yrði bættur kostnaður vegna vinnu í tengslum við snjóflóðin, þ.e. 1,9 m.kr. til almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra og 1,3 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarðar. Ríkið bætir ekki tjón til einstaklinga og fyrirtækja í samræmi við vinnulag síðari ára í kjölfar náttúruhamfara.
- Samkvæmt reglugerð nr. 700/2019 um NTÍ er aðeins heimilt að váttryggja varanleg hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga og ríkissjóðs og því fékkst flotbryggjan ekki bætt. NTÍ telur rétt að bæta flotbryggjum inn í váttryggingavernd hjá NTÍ með reglugerðarbreytingu, þar sem algengast er að tjón verði á þeim, ef tjón verður á hafnarmannvirkjum á annað borð. NTÍ hefur verið í samtali við fjármála- og efnahagsráðuneytið um undirbúning að reglugerðarbreytingum sem snúa að þessum þætti og fleirum. Þær breytingar munu ekki eiga sér stað fyrr en í fyrsta lagi næsta haust.

Aðgerð 2: Vinnumarkaðsaðgerðir

Metnar verði allar mögulegar leiðir til að draga hratt úr atvinnuleysi og styðja eins og kostur er við fólk með ráðgjöf. Gætt verði sérstaklega að réttindum fólks því samfara vegna óvenjulegra aðstæðna.

- Árið 2021 kom Vinnumálastofnun að verkefninu *LausnaVer: Vestfirskir leiðtogar framtíðarinnar*. Markmið verkefnisins var að veita þátttakendum nauðsynlega þekkingu og auka tengslanet sem þarf til að hefja vinnu við menningar-, félags- og viðskiptatengd verkefni á Vestfjörðum. Markmið verkefnisins var jafnframt að hvetja þátttakendur til að hefja vinnu við eigin samfélagsleg verkefni eða stofnun fyrirtækja.

Ábendingar og tillögur um atvinnuskapandi verkefni verði komið á framfæri við Vinnumálastofnun og atvinnuþróunarfulltrúa Vestfjarðastofu.

- Atvinnuleitendum hefur staðið til boða að sækja íslenskunámskeið og námskeið um íslenska menningu og samfélag. Enn fremur hafa atvinnuleitendur átt kost á að taka þátt í *Frumkvæði* sem er vinnumarkaðsúrreði fyrir frumkvöðla. Vinnumálastofnun vinnur nú að því að miðla störfum til þeirra sem eru án atvinnu á svæðinu.

Aðgerð 3: Snjóflóðavarnir fyrir byggð og hafnarsvæði

Varnir gegn snjóflóðum á Flateyri verði auknar og því verkefni verði hraðað eins og kostur er og sett í forgang. Kynning á styrkingu varna og nýju hættumati fari fram samhliða. Komid verði á fót sérstöku teymi sem skipað verður fulltrúum Ofanflóðasjóðs, Veðurstofunnar og Ísafjarðarbæjar til að fylgja verkefnunum eftir. Stöðuskýrsla verði kynnt í september. Teymið verði leitt af fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðherra.

- Síðastliðið haust var flóðrás vestan við varnargarðinn, þ.e. neðan Innra-Bæjargils víkkuð og dýpkuð til að efla ytri varnargarðinn.
- Fyrirhugað var að setja upp tvær 120 m langar raðir af snjóstöfnunargrindum á Eyrarfjalli síðasta sumar. Efnið í girðingarnar kom því miður það seint til landsins að fresta þurfti uppsetningunni til þessa árs. Um er að ræða prófunarverkefni sem er hugsað til að kanna virkni slíkra grinda í þeim mikla vindhraða sem verður á Eyrarfjalli. Tilgangur snjóstöfnunargrinda á fjallinu er að draga úr því snjómagni sem fer fram af brún í gilin. Greining á virkni og áhrifum á heildarsnjóstöfnun í upptakasvæðin var unnin veturinn 2021, ásamt greiningu á úrkomudreifingu og vindi á Eyrarfjalli. Jákvæðar niðurstöður prófana leiða þá til frekari framkvæmda við snjóstöfnunargrindur. Þessu tengdu hafa verið smíðaðir snjóstafir/mælistikur sem eru tilbúnir til uppsetningar ásamt vefmyndavél þegar vinna við snjógirðingarnar hefst.
- Sett var upp veðurstöð á Eyrarfjall, haustið 2021, þar sem snjógirðingarnar koma til með að vera. Veðurmælingarnar verða notaðar til þess að fylgjast með virkni snjógirðinganna en nýtast einnig við vöktun á snjóflóðahættu. Veðurstöðin var sett upp eftir að fyrsti snjórinn kom og fara þarf leiðangur í sumar til að koma henni varanlega fyrir. Stopult símasamband er á svæðinu og nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að gögn skili sér ávallt í rauntíma, svo stöðin í nýttist vöktun á snjóflóðahættu.
- Möstur með tveimur gerðum af snjódyptarmælum voru sett upp haustið 2020 í Innra-Bæjargili og Miðhryggsgili.
- Í mars 2021 var settur upp svo kallaður 3ju kynslóðar snjóflóðaradar á Flateyri sem greinir snjóflóð og gerir viðvart þegar þau falla. Um er að ræða tilraunaverkefni. Á árinu 2021 fóru fram fínstillingar og lagfæringar á hugbúnaði og eftir áramót komst radarinn í fulla virkni. Greinir hann sjóflóð á svæðinu frá Ytra-Bæjargili til Litlahryggsgils með mikilli nákvæmni. Í snjóflóðahrinunni í lok janúar 2022 komu tilkynningar þegar snjóflóð féllu og útlínur þeirra lágu strax fyrir. Þau snjóflóð sem radarinn hefur numið það sem af er þessu ári sýna mikilvægi tækis sem þessa. Stefnt er að því að tilraunaverkefnið verði áfram annan vetur. Í kjölfarið er brynt að taka ákvörðun um framhald slíks tækis til vöktunar á snjóflóðafarvegum fyrir ofan Flateyri og Flateyjarveg.
- Nýr radar á Flateyrargarði hefur verið settur upp í stað þess sem brotnaði í flóðinu 2020.
- Í lok árs 2020 kom út skýrsla um snjóflóðin úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili 14. janúar 2020 (https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2020/VI_2020_010_vef.pdf). Þar eru teknar saman upplýsingar um mælingar sem fóru fram á snjóflóðunum og ýmsar aðrar upplýsingar um þau, m.a. er veðuraðdragandi flóðanna greindur.
- Ráðist var í endurskoðun hættumats fyrir Flateyri strax eftir snjóflóðin. Drög að endurskoðuðu hættumati voru kynnt á íbúafundi haustið 2020 og hafa verið birt á vef Veðurstofunnar.

- Unnið hefur verið að þróun hugbúnaðar fyrir nýja gerð snjóflóðahermilíkans í þrívídd til þess að nota við hættumat og frumhönnun endurbættra varna á Flateyri. Þessi hugbúnaður mun einnig nýtast við bæði endurskoðun hættumats undir varnargörðum annars staðar á landinu og frumathugun nýrra varna sem fyrirhugað er að reisa. Þróun líkansins er að mestu lokið og það hefur þegar verið tekið í notkun í frumathugun endurbættra varna fyrir Flateyri og víðar.
- Íbúafundir voru haldnir í nóvember 2020, desember 2021 og í lok mars 2022 þar sem staða vinnunnar við frumathugun (snjótæknilega hönnun) endurbættra varna var kynnt. Vonir standa til að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir í júní. Í framhaldinu færi fram mat á umhverfisáhrifum breyttra varna og síðan jarðtæknileg hönnun.
- Greining á álagi á mannvirki frá yfirflæði á Flateyrargarða var unnin út frá skemmdum á mannvirkjum og færslu bíla. Vinnan nýtist við gerð hættumats vegna yfirflæðis iðufalds yfir garðana.
- Samantekt á stöðu þekkingar á svokölluðu iðufaldi púðursnjóflóða, sem fór yfir varnargarðana, unnin í nánu samstarfi við sérfræðinga á svissnesku snjóflóðastofnuninni SLF.
- Frumhönnun á styrkingu glugga- og dyraopa í tveimur húsum á Flateyri var unnin og kynnt Ísafjarðarbæ og íbúum sumar 2021.

Aðgerð 4: Snjóflóðavarnir fyrir veg

Vegagerð í samstarfi við Veðurstofu vinni valkostagreiningu á mögulegum breytingum sem leiða til bættra snjóflóðavarna á Flateyrarvegi um Hvilftarströnd og meti kostnað. Niðurstaðan verði kynnt og rædd í samgönguráði.

- Árið 2020 vann Vegagerðin tillögur sem snúa að því að færa veglínuna og byggja vegskála. Þær framkvæmdir eru taldar öruggasta leiðin til þess að tryggja öryggi vegfarenda og opnun á veginum, en eru að sama skapi kostnaðarsamar. Tillögurnar voru ræddar í samgönguráði í desember 2020. Í apríl 2021 vann Vegagerðin tillögur að beiðni samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis um aðgerðir sem hægt væri að ráðast í til þess að auka umferðaröryggi á Flateyrarvegi yfir vetrartímamán þess að fara í þær kostnaðarsömu aðgerðir sem færsla á veginum og bygging vegskála eru. Þær tillögur voru metnar á 450 m.kr. og lúta að viðvörunarljósum, lokunarhlíðum og svo skeringar og stálþil á einhverjum köflum. Litið verði til þeirra tillagna við endurskoðun samgönguáætlunar sem boðuð er næsta vetur.

Aðgerð 5: Endurskoðun á skipulagi og viðbragði almannavarna og lögreglunnar

Lögreglumáður eða almannavarnarfulltrúi í umboði lögreglustjóra verði staðsettur á Flateyri.

- Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum var 2. október 2020 ráðinn héraðslögreglumáður sem staðsettur er á Flateyri.

Skipulag og viðbúnaður almannavarna verði yfirfarið og endurbætt. Að loknu endurmati verður það kynnt fyrir íbúum Flateyrar. Reglulegar æfingar og kynningar fari fram.

- Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum var unnin viðbragðsáætlun sérstaklega gagnvart Flateyri og samþykkt í sameinaðri almannavarnanefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í desember 2020. Í viðbragðsáætluninni er m.a. farið yfir viðbrögð við

mismunandi viðbúnaðarstigum vegna snjóflóðahættu og verklag í kringum nýtt viðvörunarljós á hafnarsvæði Flateyrar.

- Á sama tíma var brugðist við ábendingum m.a. frá íbúum Flateyrar um aukna aðkomu að almannavarnanefndinni með því að gefa íbúum allra þéttbýliskjarna Ísafjarðarbæjar kost á því að tilnefna áheyrnarfulltrúa. Þannig sitja nú tveir slíkir fulltrúar Flateyrar í almannavarnanefndinni.

Aðgerð 6: Skipulag og viðbúnaður heilbrigðisþjónustu á Flateyri

Komið verði upp og tekið í notkun heilsugæslusel eða sambærilegri aðstöðu á Flateyri.

- Varanlegt heilsugæslusel var opnað í janúar 2021. Þar er staðsettur neyðarbúnaður í björgunarsveitarhúsið. Hjúkrunarfræðingur búsettur í bænum hefur verið stofnuninni innan handar og er með upplýsingar um lykla og staðsetningu búnaðar, auk björgunarsveitarinnar. Stofnunin telur að þessar aðgerðir mæti brýnustu þörfinni.
- Hópur af vettvangsliðum var þjálfaður vorið 2020 og nýr samningur um sjúkraflutninga við Ísafjarðarbæ gerir ráð fyrir að þar verði utan umhald með vettvangsliðum til frambúðar.

Geðheilbrigðis- og áfallateymi verði komið á fót sem standi til boða öllum í umdæmi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, sem jafnframt hafi sérstaka færni til að takast á við liðveislu í áföllum á borð við snjóflóðin.

- Í kjölfar snjóflóðanna var fenginn sálfræðingur sem tók fjölda viðtala og áfallateymi var undirbúið. Geðheilsuteymi tekur mikið af geðheilbrigðismálunum inn til sín. Nú þegar það er komin reynsla á það myndi geðheilsuteymið væntanlega vera aðalsprautan í utanumhaldi ef/þegar annað áfall kemur upp.

Áætlun sett verði fram um aukna þjónustu og viðbúnað Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Flateyri – og hún kynnt íbúum og sveitarstjórn.

- Sveitarstjórn og verkefnisstjóri á Flateyri hafa verið upplýst um þessa þróun mála.
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða álitur að öllum þessum aðgerðum sé lokið eða þau komin í varanlegan farveg.

Aðgerð 7: Rafmagnsöryggi

Ný varaafsstöð (eftir atvikum færanleg og sjálfvirk) verði sett upp á Flateyri.

- Lokið var við að setja upp nýja varaafsstöð snemma árs 2021 og á þessu ári var bætt við sjálfvirku uppstarti þannig að við straumrof þá ræsir vélin sig á innan við 90 sekúndum.

Aðgerð 8: Björgunarbátur

Dómsmálaráðherra/ríkisstjórnin styðji við verkefnið og komi að fjármögnun bátsins og gerður verður sérstakur samningur um stuðning ríkisins við rekstur bátsins við björgunarsveitina Sæbjörgu næstu 5

árin til að byrja með í ljósi þess hversu mikilvægt öryggistæki um er að ræða fyrir íbúa á Flateyri. Lagt er til að dómsmálaráðherra vinni, að höfðu samráði við Landsbjörg, Björgunarsveitina Sæbjörgu á Flateyri og almannavarnanefnd Ísafjarðarbæjar, að nánari útfærslu á verkefninu og mögulega aðkomu ríkisins að því og það klárað fyrir septemberlok.

- Í fjárlögum 2022 er gert ráð fyrir 115 m. kr. til þess að kaupa björgunarbát fyrir Flateyri og fleiri björgunarskip í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Dómsmálaráðuneytið hefur að undanfögnu unnið að nánari útfærslu þessa verkefnis í samvinnu við Landsbjörg. Niðurstaða þeirrar vinnu, og með tilliti til fenginnar reynslu og þarfagreiningar á staðsetningu björgunarskipa og báta um landið, var sú að fjármagnið verður greitt til Slysavarnafélagsins Landsbjargar á næstu dögum. Sérstakt samkomulag um þessar sértæku aðgerðir var undirritað milli dómsmálaráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar 13. maí sl. Þar sem tekið er fram að styrknum verði skipt þannig að 76,5 m. kr. er veitt til kaupa á björgunarbát á Flateyri og 38,5 m. kr. er veitt í kaup á björgunarbát á Húsavík. Landsbjörg tryggir að bátarnir verði í þeirra eigu. Landsbjörg er heimilt að gera samninga við björgunarsveitirnar Sæbjörg á Flateyri og Garðar á Húsavík um afnot af bátunum. Landsbjörg tryggir að björgunarbáturinn verði staðsettur á Flateyri í a.m.k. 15 ár eða þar til fullnægjandi snjóflóðavarnir verði komnar og samgöngur til og frá Flateyri teljast viðunandi, samanborið við aðra staði á Vestfjörðum. Landsbjörg skal áfram reglulega meta þörfina á staðsetningu björgunarskipa og báta um Ísland. Með þessu er sjóbjörgunargeta á miðunum við landið efla en einnig er öryggi íbúa á Flateyri við þær aðstæður sem geta skapast vegna ofanflóðahættu tryggt.

Aðgerð 9: Byggðaðróunarverkefni í sjávarútvegi á Flateyri

Komið verði á fót byggðaðróunarverkefni í sjávarútvegi í samstarfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Ísafjarðarbæjar og Byggðastofnunar. Verkefnið miði að því að auka svigrúm og ráðstöfun á nýtingu aflaheimilda í því skyni að auka fjölbreytni atvinnulífs á Flateyri, t.a.m. á sviði fiskeldis, og styrkja þar með byggðafestu. Verkefnið væri til þriggja til sex ára.

- Því sértæka verkefni sem skilgreint var í tillögum aðgerðahópsins hefur ekki verið hrint í framkvæmd sem slíku. Hins vegar er í gildi samkomulag Byggðastofnunar og útgerðar- og fiskvinnsluaðila um aukna byggðafestu á Flateyri á grundvelli 10. gr. a í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Samkomulagið gildir fyrir fiskveiðiárin 2018/2019 – 2023/2024 og leggur Byggðastofnun árlega til 400 þorskígildistonn og er bolfiskurinn unninn í vinnslu Íslandssögu á Suðureyri. Samningsaðilar skuldbinda sig á móti til að koma upp veiðum og vinnslu á sæbjúgum og krossfiski, ásamt vinnslu afurða úr roði og hryggjum, ásamt sauðfjárhornum, bæði til manneldis og sem gæludýrafóður. Gert er ráð fyrir að um 20 störf skapist/verði viðhaldið á Flateyri við þessa starfsemi. Með samkomulaginu er því verið að feta sig inná þá braut sem talað er um í tillögu aðgerðahópsins, að beita sértækri úthlutun aflamarks til að styðja við nýsköpun og atvinnuþróun í öðrum greinum en hefðbundnum sjávarútvegi. Samkvæmt upplýsingum frá samningsaðilum eru nú 25,5 störf við veiðar og vinnslu á Flateyri ásamt því að verkefnið hefur viðhaldið fimm störfum við fiskvinnslu á Suðureyri. Verkefnið stendur því beint að baki rúmlega 30 störfum á atvinnusvæðinu, auk þess að styðja við afleidd störf í ýmis konar þjónustu.
- Þess má geta að tillögur sem nefnd þáverandi sjávarútvegsráðherra um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda sem ríkið fer með náðu ekki fram að ganga á Alþingi á síðasta þingi (sjá [þingskjal 625-418. mál](#)) en þar var m.a. gert ráð fyrir að taka frá aflaheimildir sem hægt væri að nýta til að bregðast við sérstökum aðstæðum.

Aðgerð 10: Fiskeldi í Önundarfirði

Í ljósi alvarlegrar stöðu Flateyrar eru viðkomandi stjórnvöld hvött til að skoða möguleikann á því að þau mál (uppbygging fiskeldis í firðinum) verði sett í forgang hjá viðeigandi stofnunum.

- Heilt yfir hefur orðið mikill uppgangur á Vestfjörðum, þ.m.t. á Flateyri, sem rekja má til starfsemi fiskeldisfyrirtækja. Líkt og fram hefur komið í greiningum sem Vestfjarðastofa hefur látið vinna hafa mörg bein og óbein störf myndast á svæðinu, íbúafjöldi aukist og fasteignaverð hækkað.
- Varðandi frekari leyfisveitingar er það svo að með lögum nr. [101/2019](#), sem breyttu lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, var girt fyrir að veitt yrðu ný leyfi nema að undangengnu útboði. Bráðabirgðaákvæði II tryggði þó að ákveðinn hluti rekstrarleyfisumsókna sem út af stæði yrði afgreiddur samkvæmt eldri lögum en engin slík umsókn var í Önundarfirði. Bráðabirgðaákvæði IX, sem sett var með breytingalögum nr. [59/2021](#), kveður þó á um heimild til handa ráðherra til að bjóða út umframlífmassa í ákveðnum fjörðum, svo sem í Önundarfirði. Í Önundarfirði er 1.300 tonna umframlífmassi til staðar en tvö fyrirtæki eru með rekstrar- og starfsleyfi í firðinum upp á samtals 1.200 tonna lífmassa. Samkvæmt áður nefndu bráðabirgðaákvæði IX er því ekki heimilt að veita leyfi til fiskeldis í Önundarfirði nema að undangengnu útboði.
- Í ríkisstjórnarsáttmála kemur fram að móta eigi heildstæða stefnu um uppbyggingu fiskeldis. Sem hluti af þeirri vinnu hefur ráðherra óskað eftir því að ríkisendurskoðandi geri stjórnarsýsluúttekt á málefnum fiskeldis. Þá er hafin vinna innan ráðuneytisins við undirbúning stefnumótunarskýrslu. Vonir standa til þess að í lok þessarar vinnu liggi fyrir skýr stefna stjórnvalda í málaflokknum sem geri atvinnugreininni kleift að standa enn traustari fótum svo að hægt sé að fara í áframhaldandi uppbyggingu á henni, þ.m.t. í Önundarfirði. Forsendur uppbyggingarinnar verða eftir sem áður byggðar á sjálfbærni og vísindalegri þekkingu. Þegar stefnumótunarskýrslu stjórnvalda verður lokið standa enn fremur vonir til þess að haf- og strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði liggi fyrir sem leiði til meiri fyrirsjáanleika fyrir fiskeldisfyrirtæki og styttri umsóknartíma.
- Að mati ráðherra er það því hagur allra sem að atvinnugreininni standa að beðið sé úthlutunar á umframlífmassa í Önundarfirði þar til framangreindri stefnumótunarskýrslu er lokið.

Aðgerð 11: Fjármögnun uppbyggingar og viðhalds atvinnuhúsnæðis á Flateyri

Lagt er til að Byggðastofnun stofni sérstakan lánaflokk á hagstæðum kjörum til framkvæmda og viðhalds á atvinnuhúsnæði í byggðarlögum sem glíma við afleiðingar náttúruhamfara og þar sem ætla má að markaðsbrestur hamli uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og fjármögnun þess. Sérstakri áhættu af slíkum lánaflokki verði mætt með varasjóðsframlagi úr ríkissjóði eftir því sem við á.

- Byggðastofnun bjó til lánaflokk vegna sjávarútvegs í viðkvæmum byggðum sumarið 2020 og var þá ekki síst verið að horfa til staða á borð við Flateyri í kjölfar náttúruhamfara. Auk þess fellur Flateyri með almennum hætti að lánastarfsemi Byggðastofnunar og hefur stofnunin horft með sérstaklega jákvæðum augum á lánsbeiðni þáðan í kjölfar hamafaranna og hefur þannig veitt þremur fyrirtækjum frá Flateyri lánafyrirgreiðslu frá því að aðgerðaáætlun til að treysta atvinnulíf og búsetu á Flateyri var samþykkt í ríkisstjórn í apríl 2020.
- Ekki hefur verið útbúinn sérstakur lánaflokkur umfram ofangreint. Ástæðan er sú að ekki hefur fengist vilyrði um að áhættu af slíkum lánaflokki verði mætt með varasjóðsframlagi úr ríkissjóði. Byggðastofnun áætlað að til að mæta áhættu af slíkum lánaflokki þurfi 30% varasjóðsframlag. Að fenginni reynslu telur stofnunin að ekki yrði um mörg lán eða háar fjárhæðir að ræða.

Aðgerð 12: Íbúðarhúsnæði

Settur verði á fót starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytis og Ísafjarðarbæjar sem kortleggi stöðuna á Flateyri, m.a. með hliðsjón af húsnæðisþörf Lýðskólans, og komi með tillögum að útbótum.

- Starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytis og Ísafjarðarbæjar um íbúðarhúsnæði á Flateyri hóf störf haustið 2021. Hópurinn hefur ekki skilað af sér tillögum þar sem uppfærslu á húsnæðisáætlun sveitarfélagsins er ekki lokið, en er hún lykilgagn varðandi framtíðarhorfur og áætlanir á svæðinu. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur verið í sambandi við sveitarfélagið hvað þetta varðar og er það mat stofnunarinnar að lítið vanti upp á svo áætlunin geti farið fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Starfshópurinn mun skila af sér tillögum að frekari aðgerðum þegar öll gögn liggja fyrir.
- Frá því að starfshópurinn hóf störf hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úthlutað stofnframlögum til byggingar á 14 stúdentabúðum fyrir nemendur við Lýðskólann. Samkvæmt framkvæmdaráætlun umsækjanda er áætlað að íbúðirnar verði tilbúnar undir lok árs 2022. Verkefninu var áfangaskipt þar sem áætlanir eru um að byggja enn fleiri stúdentabúðir og þar með losa um þær íbúðir sem skólinn hefur nú til notkunar í bænum.

Aðgerð 13: Nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir Flateyri

Ráðinn verði verkefnisstjóri á vegum Vestfjarðastofu í samstarfi við Ísafjarðarbæ fyrir nýsköpun og atvinnuþróun á Flateyri. Samhliða yrði komið á fót samkeppnis- og nýsköpunarsjóði á vegum Vestfjarðastofu sem getur tryggt mótframlag til nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna á Flateyri.

- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Ísafjarðarbær og Vestfjarðarstofa undirrituðu samning í apríl 2020 um nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir Flateyri. Samningurinn nær til þriggja ára og leggur ráðuneytið verkefninu til 78 m.kr. framlag á samningstímanum. Árið 2020 var framlag ráðuneytisins 13 m.kr., árin 2021 og 2022 er framlagið 26 m.kr. hvort ár og árið 2023 verður framlagið 13 m.kr. Ráðinn var verkefnisstjóri á Flateyri sem hóf störf sumarið 2020. Hlutverk hans er að leiða nýsköpunar- og þróunarverkefnið, í samstarfi við verkefnisstjórn. Í verkefnisstjórnin eiga sæti tveir fulltrúar Ísafjarðarbæjar, einn frá Vestfjarðastofu og tveir frá hverfisráði Flateyrar.
- Í þriggung hefur verið auglýst eftir styrkumsóknum í samkeppnis- og nýsköpunarsjóðinn. Árið 2020 barst 21 umsókn og hlutu 15 verkefni styrk að heildarupphæð 10 m.kr. Árið 2021 bárust 26 umsóknir og 18 verkefni voru styrkt að heildarupphæð 20 m.kr. Árið 2022 bárust 28 umsóknir og var 21 verkefni veittur styrkur. Þannig hafa samtals verið veittir 54 verkefnastyrkir. Verkefnin þurfa að styðja við niðurstöður íbúasamráðs, markmið samningsins og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Aðgerð 14: Lýðskólinn:

Vinna ber að því að tryggja framtíðarrekstur skólans með fjárframlagi frá ríki, sveitarfélagi og eftir atvikum fleiri aðilum, svo sem atvinnulífi.

- Mennta- og menningarmálaráðherra veitti Lýðskólanum á Flateyri rekstrarstyrk út skólaárið 2020-2021 og var hann undirritaður 12. febrúar 2020. Heildarstyrkveiting til verkefnisins er 70 m.kr. og miðast við að nemendafjöldi sé að meðaltali 40 á skólaári. Jafnframt getur skólinn sótt um fjárframlög og styrki t.d. frá sveitarfélögum, fyrirtækjum eða stéttarfélögum. Framhald samnings byggir á að skólinn hljóti viðurkenningu sem Lýðskóli.

Vinna þarf hratt að frekari uppbyggingu nemendagarða og bæta húsnæðisaðstöðu.

- Stofnframlag var veitt úr ríkissjóði vegna nemendagarða, að fjárhæð 6 m.kr., gegn sambærilegu framlagi frá Ísafjarðarbæ. Mennta- og menningarmálaráðuneyti mun sjá um að láta vinna þarfagreiningu varðandi nemendagarða skólans þegar það liggur fyrir skriflega að fjárframlag komi úr ríkissjóði og frá Ísafjarðarbæ.

Aðgerð 15: Almenningsamgöngur

Að komið verði á fót tilraunaverkefni um almenningsamgöngur milli Flateyrar og Ísafjarðar sem byggði á aðgerð A.10 í byggðaáætlun.

- Haustið 2020 úthlutaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í fyrsta skipti styrkjum úr samkeppnissjóði til verkefna á sviði almenningsamgangna, sem veittir eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 (aðgerð A.10 - Almenningsamgöngur um land allt). Þar fékk Vestfjarðastofa tvo styrki vegna verkefna sem tengjast almenningsamgöngum á Flateyri með beinum hætti. Annars vegar var það verkefnið Efling þjónustu og atvinnusóknar á norðanverðum Vestfjörðum sem fékk styrk að upphæð 10,6 m.kr. Verkefnið gengur út á að efla almenningsamgöngur til og frá Flateyri með það að markmiði að bæta þjónustu við íbúa á Flateyri, en horfa jafnframt til samlegðaráhrifa fyrir nágrennabyggðarlögin Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Hins vegar var það verkefnið *Sambílinn* þar sem veittur var 3 m.kr. styrkur til að greina möguleika þess að efla almenningsamgöngur með því að nýta þjónustu sem þegar er í boði, s.s. skólaakstur og þjónustuakstur.